

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. júní 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar.

2. gr.

Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 605.000, sem lagt er fram af Ásbirni Ólafssyni, stórkaupmanni, Reykjavík og Ásbjörn Ólafsson hf., Reykjavík. Heimili minningarsjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er að styrkja fátækt og efnilegt ungt fólk til náms, sem af sjálfsdáðum hefir ekki án aðstoðar tækifæri til þess að afla sér menntunar. Styrkirnir skulu vera það ríflegir, að þeir komi að tilætluðum notum, og geta sömu aðilar orðið styrksins aðnjótandi í mörg ár í röð.

Minningarsjóðurinn hefur einnig sem tilgang að veita fé til kaupa á tækjum í lækn-ingaskyni.

4. gr.

Þegar farið verður að úthluta úr sjóðnum, ber að senda skriflega beiðni um styrkveitingar til stjórnar sjóðsins og skal umsækjandi láta getið um aldur og efnahag og til hvers nota eigi styrkinn. Þá skal tekið fram að afhenda skuli dómsmálaráðuneytinu afrit af reikningum sjóðsins árlega.

5. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins eins og hann er og verður á hverjum tíma má aldrei skerða. Heimilt er að hefja styrkveitingar úr sjóðnum nú þegar. Úthluta má styrkjum skv. 3. gr. fyrir allt að 80% af árlegum tekjum sjóðsins, en 20% þeirra leggst við höfuðstólinn.

6. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 605.000 svo og þær gjafir og framlög, sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Sjóðstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins og ávaxta í ríkistryggðum banka-stofnunum eða með öðrum hætti, sem sjóðstjórnin er sammála um að telja jafn öruggan.

7. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðstjórn. Samkvæmt ósk stofnenda sjóðs-ins hafa þessir menn tekið sæti í fyrstu sjóðstjórninni:

Ásbjörn Ólafsson, stórkaupmaður, Grettisgötu 2A, Reykjavík, formaður.

Jóhanna Gunnarsdóttir, frú, Hörgshlíð 18, Reykjavík, ritari.

Eysteinn Guðmundsson, fulltrúi, Flókagötu 66, Reykjavík gjaldkeri.

Hver stjórnarmaður tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í stjórninni í fjar-veru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í stjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og svo koll af kolli.

Fari svo einhvern tíma, að stjórn sjóðsins sé ekki fullskipuð, skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarmann í hin auðu stjórnarsæti. Tilnefning stjórnarmanns gildir ævilangt. Fram til þess tíma að farið verður að úthluta styrkjum úr sjóðnum, fá sjóðstjórnarmenn enga þóknun fyrir störf sín, en eftir að úthlutun úr sjóðnum hefst hafa sjóðstjórnarmenn rétt til vægrar þóknunar fyrir störf sín.

Annar kostnaður vegna minningarsjóðsins greiðist af fé hans.

Sjóðstjórn bókar alla fundi í sérstaka fundargerðarbók og skráir allar ákvarðanir, sem teknar eru varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans. Í fundargerðarbókina skal færa skrá yfir allar úthlutanir úr minningarsjóðnum og nöfn þeirra sem styrks verða aðnjótandi. Ályktanir sjóðstjórnarinnar eru gildar og tækar fyrir minningarsjóðinn ef tveir af sjóðstjórn-armönnum eru sammála.

8. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og færður inn í fundargerðarbókina.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðal-tilgangi samkvæmt 3. gr. má þó aldrei breyta. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketils-dóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar sem staðfest var þann 24. maí 1968.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. júní 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.